

TÆKNI VIÐ AÐ TELJA

Fljúga fram af brúninni og smella af

Það er ekki einfalt mál að telja fugla í stóru fuglabjörgunum. Arnþór bendir á að flatarmál þess stærsta, Látrabjargs, sé álíka og flatarmál Reykjavíkur innan Hringbrautar. „Þú sérð ekkert ef þú stendur á brúninni og alls ekkert ef þú ert fyrir neðan,“ segir hann. Þar að auki eru björgin afskekkt og ekki auðvelt að hitta á rétt veður- og birtuskilyrði til talningar. Á Íslandi er fátt fólk en mikið af björgum og fugli.

En hvernig er þá talið?

Arnþór hefur á síðustu árum þróað aðferð til að telja bjargfugla. Notuð er flugvél og sérhæfður ljósmyndabúnaður. Síðan er flogið þvert út af björgunum og myndir teknar á ská, með 25 gráðu frávíki frá lóðlinu, niður úr flugvélinni. Þannig fást talningarsnið frá bjargbrún til sjávar, yfirleitt 30-50 metra breið. Af þeim má telja fýls-hreiður, rituhreiður og svartfugla, þ.e. langvíu, stuttnefju og álku. Arnþór byrjaði að nota loftmyndir til að telja fugla í kringum 1975, fyrst í litlum klettum en með batnandi tækni gat hann notað aðferðina í stærri björgunum. Á árunum 1983-1985 var fyrst talið í stóru fuglabjörgunum með þessari aðferð.

Paulvanur eggjatínslumaður telur ekki að fugli sé að fækka

Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur á Ísafirði, byrjaði 14 ára gamall að síga í björg eftir eggjum og hefur gert það í 50 ár. Honum sýnist ekki að svartfugli hafi fækkað í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, nema þá af völdum refs og setur mikinn fyrirvara við talningar fuglafræðinga. Afar erfitt sé að telja fugla í björgum.

Tryggvi og aðrir Vestfirðingar komust ekkert til eggja enda „stöðug norðaustanátt í heilan mánuð og ekki lendandi undir Hornbjargi“. Hælavíkurbjarg hefði lítið sem ekkert verið stundað undanfarna áratugi. Aðal-eggjasvæðið þar, Gránef, er í miðju bjarginu og erfitt að komast þangað.

Tryggvi telur ekki að fugli hafi fækkað í Gránefjum og Hælavíkurbjargi. Í Hornbjargi hafi fugli ekki heldur fækkað, þ.e. á þeim stöðum þar sem hann er hölpinn fyrir ref. Af fréttum af dæma hafi svartfugli á hinn bóginn fækkað fyrir austan og sunnan. „Sennilega er þetta spurning um fæðu. Það er eins og fuglinn hér



Tryggvi Guðmundsson.

fyrir vestan lífi ekki alveg á sama sílinu og austur frá. Maður sér það á eggjunum. Þau eru öðruvísi. Rauðan er miklu ljósari í eggjunum frá Langanesi heldur en í björgunum hérna.“

Revndar sé erfitt að bera ástandið í Hornbjargi síðustu 10-20 árin saman við ástandið nú því svæðin sem mest hafi verið sótt, neðst í bjarginu, séu örðin tóm af fugli. Skýringin sé sú að refir hafi numið land niðri í bjarginu. „Maður sá það frá ári til árs hvernig þræðingarnir [mjóar syllur] tæmdust eftir því sem refurinn nam meira land.“

Tryggvi segir að eggjataka sé deyjandi atvinnugrein. Fyrir 30-40 árum hafi þetta verið stórtúgerð og egg seld um allt land. Nú séu hann og Einar Valur Kristjánsson og nokkrir

til viðbótar þeir einu sem fari til eggja og tíni fyrir vini og fjölskyldur. Þegar þeir hætta þessu sé enginn til að taka við. „Þetta er bara merki fyrri tíma og svo sem ekkert vit í að menn séu að hætta lífinu við þetta í dag,“ segir hann. „Þessi síðasta kynslóð hefur gert þetta meira af haldssemi en af þörf.“

Tilmæli umhverfisráðherra um að eggjataka og veiðar á svartfugli verði takmarkaðar eða felldar niður séu í besta falli misskilningur en í versta falli heimska. Samanlagðir stofnar langvíu, álku og stuttnefju telji sennilega um 10 milljónir fugla og eggjatakan hafi ekkert að segja.

Á morgun

Áhrif hlýnunar undanfarinna ára koma vel fram í íslensku jökluunum. Þegar jöklarinn hopa breytist landslagið og ný lón verða til.

Auðveldara líf á vetrarstöðvum heiðagæsa og grágæsa erlendis



Arnór Þórir Sigfússon

Allir gæsa-stofnar sem hér verpa eða eiga leið um eru í vexti, nema blesgæsin. Í heiðagæsastofninum eru nú um 360.000 fuglar og hefur hann tífaldast frá miðri síðustu öld. Grágæsa-stofninn er um 110.000 fuglar og hefur fjórfaldast frá miðri síðustu öld. Talið er að stofnstærð grágæsa sé vanmetin.

Arnór Þórir Sigfússon, fuglafræðingur hjá Verkís, segir að ástæðan fyrir því að fjölgað hafi í flestum gæsa-stofnum, allt frá miðri síðustu öld, sé talin sú að aðstæður á vetrarstöðvum hafi batnað. Gæsir eigi nú auðveldara með að afla sér fæðu, s.s. á kornökrum og fleiri fuglar lífi veturinn af en áður. Þrátt fyrir

þessa fjölgun virðast gæsirnar ekki hafa gengið nærri gróðri á varpstöðvunum hér á landi og því hafi stofninn braggast mikið. Gróður virðist hafa batnað á á landinu á síðustu árum. Varp-lönd heiðagæsa sem áður voru tiltölulega lítil hafa margfaldast. Þá hafi kornrækt hér á landi aukist mjög síðustu ár sem hjálpi gæsunum. Fjölgun gæsa sé ekki með beinum hætti

rakin til hlýnunar. Grágæsin hefur reyndar breytt atferli sínu og stærri hluti stofnsins flýgur nú skemmra suður á bóginn en áður. Þá virðist aukinn hluti grágæsa-stofnsins, líklega nokkur þúsund

fuglar, hafa vetursetu á Suðurlandi.

